

Reykjavík 2. desember 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Háskólans í Reykjavík um eftirtalin frumvörp til laga:**

**357. mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir**


**336. mál, Vísinda- og tækniráð**

**345. mál, opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins**

Háskólinn í Reykjavík vill á þessu stigi ekki gera efnislegar athugasemdir við ofangreind frumvörp. Við teljum að sú nýja skipan sem þar er kynnt sé í meginatriðum jákvæð og teljum brýnt að hún komist á sem fyrst, svo uppbyggingarstarf samkvæmt henni geti hafist.

Við viljum hins vegar leggja áherslu á þá afstöðu okkar, að þær skipulagsbreytingar sem hér er ráðist í munu ekki *einar og sér* efla rannsókn- og þróunarstarf í landinu. Til þess að það gerist þarf að fylgja breytingunum eftir, og auka umtalsvert það fjármagn sem veitt er til rannsókna og þróunar. Þá teljum við æskilegt að fjármunum sem hið opinbera veitir til rannsókna og þróunar sé sem mest úthlutað á samkeppnisgrundvelli, í gegnum opna sjóði, og að þeim úthlutunum sé fylgt eftir með árangursmati.

Virðingarfyllst,



Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor